

Þýtt úr ensku:

CCPE (2010)1

(merki) Evrópuráðið

Strassborg, 20. október 2010

Ráðgjafaráð evrópskra saksóknara

(CCPE)

Álitsgerð nr. 5

Saksókn og sakamál ungmenna

JEREVAN-YFIRLÝSINGIN

Þessi yfirlýsing var samþykkt á 5. allsherjafundi CCPE sem fór fram

í Jerevan í Armeníu 19.-21. október 2010.

JEREVAN-YFIRLÝSINGIN

Inngangur

1. Ráðgjafaráð evrópskra saksóknara (CCPE) var stofnað af ráðherranefnd Evrópuráðsins 2005 til þess að veita álitsgerðir varðandi starfsemi embætta saksóknara og til að efla virka framkvæmd á Tilmælum Rec(2000)19 frá ráðherranefndinni til aðildarríkja um hlutverk saksóknara í réttarkerfinu.
2. Fyrir 2010 mælti ráðherranefndin svo fyrir við CCPE (1) í ljósi ályktunar nr. 2 um barnvænt réttarfar (2) að samþykkt yrði álitsgerð um „meginreglur opinberrar stefnu um sakamál ungmenna“ og að skoða, meðal annars, stöðu ungmenna fyrir málsmeðferð fyrir dómi, meðan á henni stendur og að henni lokinni, hvernig hægt sé að taka tillit til hagsmuna ungmenna við slíka málsmeðferð og umbætur varðandi aðferðir yfirvalda til að veita ungmennum upplýsingar um réttindi þeirra og aðgang að réttvísi, þar á meðal aðgang að Mannréttindadómstóli Evrópu.
3. Saksóknarar eru líka opinber yfirvöld sem fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahagsmuna tryggja beitingu laga þar sem brot á lögum hefur í för með sér refsingu. Með því taka saksóknarar tillit til bæði réttinda einstaklinga og nauðsynlegrar skilvirkni réttarkerfisins samkvæmt Tilmælum Rec(2000).
4. Hlutverk saksóknara er mismunandi eftir þjóðríkjum og markmið þessarar álitsgerðar er að setja fram viðmiðunarreglur fyrir gerðir allra saksóknara sem koma að sakamálum ungmenna. Þessi álitsgerð á að tryggja að í öllum málum fyrir dómi sem varða ungmenni, þar sem saksóknarar koma að, gildi ákveðnar grundvallarmeginreglur að teknu tilliti til þroska, viðkvæmni og andlegri hæfni viðkomandi ungmennis, hvort sem í hlut á ungmenni sem brýtur lög, brotþoli eða vitni. Fylgni við þessar meginreglur gildir á öllum stigum málsmeðferðar sem merkir fyrir réttarhald, meðan á

þinghaldi stendur, meðan úrskurður er fullnustaður og ákvarðanir framkvæmdar sem varða ungmenni.

5. Í málum þar sem ungmenni koma við sögu, ættu saksóknarar einkum að huga að viðeigandi jafnvægi milli hagsmuna samfélagsins annars vegar og markmiða réttvísinnar og hins vegar hagsmuna, sérþarfa og varnarleysis ungmenna.
6. Í þjóðríkjum þar sem saksóknarar hafa valdsvið utan við svið sakamála (t.d. í sífjarétti, forsjárretti og stjórnarsýslurétti), ættu þeir ætíð að efla grundvallarréttindi og frelsi og þá einkum meginreglur sem varða sérstaka vernd ungmenna eins og fram kemur í þessari álitsgerð.
7. Eftirfarandi meginreglur gilda þar sem þær eru innan valdsviðs saksóknara og samkvæmt landslögum.
8. Meginreglur sem vísað er í í álitsgerðinni varðandi ólögráða börn geta einnig gilt um ungt fólk.
9. Enn fremur tjáir CCPE þá ósk sína að aðildarríki geri ráðstafanir gagnvart öðrum félagshagfræðilegum rötum sem kunna að leiða til brota ungmenna (t.d. heimilisleysi, atvinnuleysi, menntunarskortur).

Tilvísunargögn

10. CCPE hefur ritað þessa álitsgerð á grundvelli svara frá 37 aðildarríkjum við sérstökum spurningum varðandi þetta efni (3).
11. Álitsgerð þessi er byggð á alþjóðlegum (4) og svæðisbundnum (5) lagagerningum þar á meðal dómaframkvæmd dómstólsins í þessum efnum. (6)
12. CCPE tók einnig mið af vinnu og niðurstöðum 7. ráðstefnu ríkissaksóknara í Evrópu (Moskva 2006) (7) um „hlutverk saksóknara í verndun einstaklinga“ sem og álitsgerða CCPE nr. 2 um aðrar leiðir en saksókn, nr. 3 um hlutverk embætta saksóknara utan sviðs sakamála og nr. 4 um samband dómara og saksóknara í lýðræðissamfélagi (8).

Skilgreiningar

13. Að því er varðar þessa álitsgerð vísar CCPE til skilgreininga í 21. málsgrein tilmæla Rec(2008)11 um evrópskar reglur fyrir unga brotamenn sem sæta viðurlögum eða úrræðum og lið I í tilmælum Rec(2003)2 varðandi nýjar leiðir til að fást við afbrot ungmenna og hlutverk réttvísi ungmenna:
 - (i) „Ungmenni/ólögráða“ merkir einstakling undir 18 ára aldri;
 - (ii) „Ungur lögbrotur“ merkir einstakling undir 18 ára aldri sem talinn er hafa brotið lög eða hafa brotið lög;
 - (iii) „Brot“ merkir sérhverja athöfn eða vanrækslu sem brýtur lög og felur í sér viðurlög og fjallað er um fyrir dómi eða öðru yfirvaldi dómssvalds eða stjórnarsýslu.

Sérkenni sakamála ungmenna

14. Sakamál ungmenna ættu að fá sérstaka athygli hjá öllum aðilum dómsvalds, löggæslu og félagsmála vegna viðkvæmni þeirra sem eiga í hlut. Í öllum dómskerfum ætti saksóknari að taka tillit til minnihlutastöðu ungmennisins, mögulega mildandi áhrifum á ábyrgðarstig hans/hennar vegna þessa minnihluta og huga sérstaklega að réttindum ungmennisins.
15. Íhuga ætti eftirtalin úrræði þar sem það á við:
 - Myndbandsupptaka eða hljóðritun framburðar ungmenna, yfirheyrsla ungmenna fari fram að viðstöddum barnasálfræðingum, uppeldisfræðingum, félagsráðgjöfum eða öðrum sérfræðingum;
 - Yfirheyrsla ungmenna fari fram, þar sem það á við, að viðstöddu forsjárforeldri eða öðrum aðila sem er nátengdur ungmenninu eða félagsþjónustu;
 - Viðtalsherbergi sérsniðið fyrir börn. Fjöldi viðtala við unga brotþola ætti að vera eins takmarkaður og auðið er;
 - Viðtöl fari fram þannig að komist sé hjá afleiddum niðingshætti..
16. Saksóknarar ættu að kappkosta að koma á framfæri úrræðum sem miða að því að koma í veg fyrir brot ungmenna sem, vegna viðkvæmni þeirra, eru líkleg til að brjóta af sér. Ráðgast ætti við foreldra og hafa þá með í framkvæmd þessara úrræða.
17. Refsiákvæði ættu að taka tillit til menntunar, fræðslu, persónulegs umhverfis og persónuleika viðkomandi ungmenna og ekki aðeins refsar fyrir lögbrot eða annað ólöglegt athæfi. Úrræði sem hefta frelsi ungmenna ætti að taka fram í lögum og takmarka þau við þær ströngu kröfur sem þarf til að vernda samfélagið.
18. Samkvæmt valdsviði sínu ætti saksóknari að leitast við að tryggja að hugað skuli sérstaklega að öllu sambandi ungmennis við refsikerfið, hvort sem það er lögbrotur, brotþoli eða vitni, til að viðkomandi geti fengið nauðsynlegar upplýsingar, með þeim hætti sem skiljanlegur er fyrir aldur ungmennisins, varðandi meðferð málsins, hlutverk dómskerfisaðila og úrræði fyrir hann/hana.
19. Saksóknarar ættu að hafa nauðsynlegar og viðeigandi leiðir til að beita valdi sínu gagnvart ungmennum eða að þessar leiðir verði eignaðar öðrum bærum embættum sem ráða yfir ungmennum. Einkum ætti að veita þeim ráðningarkerfi, viðeigandi fræðslu sem og starfslið, leiðir og sérhæfða þjónustu. Aðildarríki ættu enn fremur að íhuga að koma á fót sérhæfðum deildum eða embættismönnum fyrir sakamál ungmenna.
20. Í rannsóknnum sakamála eða saksóknnum og öðrum meðferðum mála þar sem ungmenni koma við sögu ættu saksóknarar að huga sérstaklega að tímarammanum og reyna að tryggja að slík mál fái forgang og þeim lokið án óþarfa tafa. Langdregin málsmeðferð getur aukið neikvæð áhrif brotsins og tafið réttmæta endurhæfingu ungra lögbrotþola.

21. Saksóknarar ættu að vera meðvitaðir um að samkvæmt alþjóðaviðmiðum verða börn sem svipt eru frelsi sínu að vera aðskilin frá fullorðnum og hafa rétt til að halda sambandi við fjölskyldu sína. (9)
22. Hagsmunir samfélagsins krefjast þess að fjölmiðlar fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfsemi refsikerfisins (10). Þó getur fjölmiðlaumfjöllun verið sérlega skaðleg fyrir ungmenni sem eru hluti af sakamálarannsókn og öðrum ferlum. Saksóknarar ættu því að huga sérstaklega að ábyrgð sinni að veita engar upplýsingar sem gætu brotið í bága við réttindi viðkomandi ungmenna eða veitt upplýsingar sem kynnu gera illt verra.
23. Mælt er með miðlun á reynslu milli saksóknara og alþjóðlegu samstarfi um sakamál ungmenna.(11)

Ungmenni fyrir rétti

24. Til að öðlast meiri þekkingu á aðstæðum ungmennis sem er hluti af málsmeðferð ættu saksóknarar innan sinna valdsviða að gegna lykilhlutverki í samræmingu og samstarfi helstu aðila á rannsóknarstigi sakamála, sem eru lögregla, félagsþjónusta og skilorðsfulltrúar.
25. Saksóknarar ættu þar sem það á við að leita ráða hjá félagsþjónustu og barnaverndaraðilum áður en ákveðið er hvort saksækja skuli viðkomandi ungmenni. Saksóknarar ættu einnig að leita ráða hjá þeim áður en ákveðið er með hvaða refsingu eða úrræðum skuli mæla fyrir dómi. Þeir ættu einnig að þekkja og nota, ef það á við, sérstakt yfirheyrsluherbergi fyrir ólöggráða börn og sérfræðinga (sjá 16. mgr. hér að framan).
26. Með möguleg skaðleg áhrif af sakamálameðferð og annarri meðferð á framtíðarþroska ungmenna ættu saksóknarar eftir því sem auðið er og lögum samkvæmt að leita annarra kosta en að saksækja unga lögbrjóta, þar sem slíkir kostir teljast rétt viðbrögð refsikerfis við brotinu, að teknu tillit til hagsmuna brotþola og almennings og það sé í samræmi við markmið sakamála ungmenna.(12)
27. Samkvæmt alþjóðaviðmiðum ætti varðhald ungmenna fyrir réttarhöld aðeins að vera neyðarúrræði og í eins skamman tíma og mögulegt er. Þegar ungmenni eiga í hlut ættu saksóknarar að sýna ítrustu varkárni við að meta hvort tilgangi varðhalds verði náð með mildari úrræðum og tryggja að varðhald ungmenna fyrir réttarhöld verði við aðstæður sem lágmarka möguleg neikvæð áhrif varðhaldsins.
28. Viðmiðunarreglur eða tilmæli um viðeigandi úrræði fyrir mismunandi tegundir sakamála ungmenna gætu komið að gagni til að tryggja jafnræði fyrir lögum.

Ungmenni fyrir dómi

29. Allir saksóknarar ættu að hafa að markmiði að tryggja velferð og hagsmuni ungmenna meðan á réttarhaldi stendur og leitast við að lágmarka óþarfa skaða lögbrjóta,

brotapola og vitna af málsmeðferðinni, þar sem það á við, þegar verndandi aðferðir geta komið að gagni.

30. Saksóknari ætti að leitast við að tryggja að ungmenninu sé kynnt kæruefnið og að hann/hún geti að fullu nýtt rétt sinn til varnar til að ungmennið geti gefið skýringar og nýtt lagalega aðstoð í öllum meðferðum máls sem hann/hún er hluti af og geti tjáð sig að vild fyrir þar til bærum dómi.

Fullnusta úrskurða varðandi ungmenni

31. Að því er varðar sakamál ungmenna ættu saksóknarar að leitast við að tryggja að menntunar- og félagsmótunarúrræði, svo sem viðgerðir, fræðsla, umsjón félagsþjónustu, meðferð, vistun á unglingaheimili, sáttumleitanir sem og dómseftirlit, skilorð og skilorðsbundin lausn, séu nýtt til hins ítrasta, ef það er innan þeirra valdsviðs, en um leið taka mið af hagsmunum brotapolu, almannahagsmunum, hagsmunum ungmennisins og einnig markmiðum refsivörslu.
32. Þar sem þetta er innan valdsviðs saksóknara ættu þeir að hafa umsjón með lögmæti beitinga viðurlaga og úrræða, sem og fræðslu á unglingaheimilum og gera reglulega skoðanir á öllum refsivistunarúrræðum fyrir ungmenni. Einnig ætti að skoða varðhaldsaðstæður ungmenna.
33. Saksóknarar ættu, ef það er á þeirra valdi, að tryggja að ungmenni sem gerst hafa brotleg og þurfa að sæta viðurlögum eða úrræðum, séu undir eftirliti og fái aðstoð til að komið verði í veg fyrir endurtekin brot.
34. Aðildarríki eru hvött til að sannreyna reglulega framkvæmd á Tilmælum Rec(2000)19 í landskerfum þeirra, einkum varðandi sakamál ungmenna eins og lýst er í álitserð þessari.

- (1) Sjá erindisbréf CCPE fyrir 2009-2010 (1044. fundur staðgengla ráðherra, 10. desember 2008).
- (2) Ályktun samþykkt á 28. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra (Lanzarote, Spáni, október 2007).
- (3) Sjá skjal CCPE-GT (2010)1REV6.
- (4) Sjá einkum lagagerninga Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (20. nóvember 1989); lágmarksreglur Sameinuðu þjóðanna um meðferð afbrotamála ungmenna „Beijing-reglurnar“, 29. nóvember 1985); Viðmiðunarreglur Sameinuðu þjóðanna um forvarnir vegna afbrota ungmenna („Riyadh-viðmiðunarreglurnar“ 14. desember 1990); Reglur Sameinuðu þjóðanna um til verndar ungmenna sem sætt hafa frelsissviptingu („Havana-reglurnar“, 14. desember 1990). Sjá einnig athugasemd SP nr. 10 nefndar um réttindi barns um réttindi barna í sakamálum ungmenna (CRC/C/GC/10, 2007) og reglur alþjóðasakamáladómstólsins um málsmeðferð og gögn (9. september 2002), og þá einkum reglur 67 („Hljóðritun eða myndupptaka vitnisburðar“), 68 („Fyrirframskráður vitnisburður“), 87 („Verndarráðstafanir“) og 88 („Sérstakar ráðstafanir“).
- (5) Sjá einkum staðlandi *acquis* Evrópuráðsins, svo sem: Mannréttindasamningur Evrópu, þar á meðal greinar 6, 8 og 13; samningur um vernd barna gegn kynferðislegri

misneytingu og kynferðislegri misnotkun (CETS nr. 201) (tók gildi 1. júlí 2010 varðandi 5 aðildarríki); Tilmæli Rec (2003)20 varðandi nýjar leiðir til að fást við afbrot unglunga og hlutverk réttarfars í sakamálum unglunga; Tilmæli Rec(2006)2 um evrópskar reglur um fangelsi; Tilmæli Rec(2008)11 um Evrópureglur fyrir unga lögbrjóta sem sæta þurfa viðurlögum eða úrræðum; Tilmæli Rec(2009)10 um innfelldar landsleiðir til að vernda börn fyrir ofbeldi; Áætlunin „Byggja Evrópu fyrir og með börnum“. Sjá einni „CommDH/IssuePaper (2009)1“ skjal Mannréttindastofnunar um „Sakamál barna og ungmenna: tillögur til úrbóta“.

- (6) Sjá dómaframkvæmd ECHR, einkum X og Y gegn hollenska ríkinu (26. mars 1985, nr. 8978/80); Bouamar gegn belgíska ríkinu (29.febrúar 1988, nr. 9106/80); V gegn breska ríkinu (16. desember 1999, nr. 24888/94) og T. gegn breska ríkinu (16. desember 1999, nr. 24724/94); Couillard Maugery gegn franska ríkinu (1. júlí 2004, nr. 64796/01); Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunda gegn belgíska ríkinu (12. október 2006, nr. 13178/03) Okkali gegn tyrkneska ríkinu (17. október 2006, nr. 52067/99); Maumousseau og Washington gegn franska ríkinu (6. desember 2007, nr. 39388/05); Yunus Aktas og fleiri gegn tyrkneska ríkinu (20. október 2009, nr. 24744/03); M.B. gegn franska ríkinu (17. desember 2009, nr. 22115/06) (Beiðni um tilvísun til yfirdeildar er í ferli); Salduz gegn tyrkneska ríkinu (27. nóvember 2008, nr. 36391/02.).
- (7) Sjá 7. fund ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara (Moskva 5.-6. júlí 2006) á vegum Evrópuráðsins í samstarfi við embætti ríkissaksóknara í Rússlandi.
- (8) Sjá einnig samantektargreiningu á spurningalista tengum meðferð ungra lögbrjóta (Skjal PC-CP(2009)04final) og drög að viðmiðunarreglum ráðherranefndar Evrópuráðsins sem unnar voru af hópi sérfræðinga Evrópunefndar um samvinnu í lagamálum (Skjal CJ-S-CH(2011)9).
- (9) Sjá ráðstefnu SP um réttindi barnsins, 37. grein.
- (10) Sjá Bordeaux-yfirlýsinguna í álitserð CCJE nr. 12 (2009) og álitserð nr. 4 (2009) frá CCPE um samband dómara og saksóknara í lýðræðissamfélagi.
- (11) Sjá álitserð CCPE nr. 1 um leiðir til að bæta alþjóðlega samvinnu á sviði sakamála.
- (12) Sjá álitserð CCPE nr. 2 um aðrar leiðir en saksókn.